

Fundur 29.4.2024 Steinunn, frá sextánda öld.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Já góða kvöldið og velkomin. Gott kvöld.*

Gleður það mig að tala til ykkar í fyrsta sinn og eru það mörg mannkynin sem til ykkar horfa og víða sem við höfum dreifst og sögur okkar ekki allar eins.

Það get ég sagt með sanni að kraftur og kærleikur mannfélagsins er í réttu hlutfalli við þann samtaka mátt sem hópurinn sýnir, og svo langt man ég aftur til míns fyrsta framlífs hnattar.

Þar sem samstilling fólksins var ekki nægileg og stjórnumbandsstöðvarnar litlar eins og þið eigið að venjast í ykkar frumlífi.

Og samstilling fólksins og þjóðarinnar ekki nægjanleg.

Og það voru mikil viðbrigði að flytjast frá hnetti til hnattar í æ betra þjóðfélag, og fundirnir urðu fjölmennari og kærleikur og samstilling fólksins þar inni.

Man ég eftir lífum mínum á fyrstu framlífs jörðum mínum, þar sem helstefna var ríkjandi, hversu erfitt það var að komast á rétta leið og margt sem hamlaði.

Og hversu erfitt það er mannkindinni að láta af eigingirni sinni og þröngsýni, varðandi tilveruna og skilja hvað það er sem skiptir mestu máli.

Átti ég heiðna forfeður eins og aðrir Íslendingar, en var ég uppi á kristilegum tíma og ekki varð æfi mín mjög löng.

En í framlífum mínum urðu æfiskeiðin lengri og þroskinn meiri sem við öðluðumst og tækifærin til að spyrja sig að því hvers vegna tilveran var með þeim hætti sem hún blasti við okkur.

Og vísindaleg hugsun er mikilsverð og að það tengist trúarbrögðunum að allir menn séu jafnir og mikilvægt sé að vera ekki í andstöðu við vísindi.

Og þar sem vísindi komast á villigötur, að taka mark á þeim vísindamönnum sem ekki hafa stuðning fjöldans, en eru framúrskarandi.

Ekki var ég samtíða dr. Helga Pjeturss og á fyrstu framlífs hnöttum mínum voru þar engir honum sambærilegir.

Og var það á fimmta framlífs hnetti mínum þar sem heimspeki kenningar fornar frá jörðinni og öðrum fyrstu framlífs jörðum sem ég hafði verið á, fóru að láta fólkið skiptast í stærri þjóðfélags hópa og móta framtíðina sér til blessunar.

Og kom þar að vísu ekki fram kenningin, draumakenning dr. Helga Pjeturss um samskipti lífveranna í alheiminum.

Heldur var það andatrúar kenning, nokkuð svipaðs eðlis og voru þar ýmsar kenningar sem fjölluðu um kærleikann og fyrri líf og annað slíkt, en síðar átti það eftir að verða leiðrétt.

En þegar ég kom á þá framlífs jörð þar sem lífsbandið á milli stjarnanna var viðurkennt, voru það mikil viðbrigði og líf mitt tók stakkaskiptum til hins betra.

Þar sem samtakamátturinn var þar meiri og stríðandi fylkingar á móti þeirri lífstefnu, fengu æ minna fylgi fjöldans og urðu æ marklausari eftir því sem á leið.

Og minntist ég þá margra góðra heimspekinga sem höfðu stefnt í svipaða átt, og höfðu hjálpað til við þroska okkar.

Hef ég hér í þessu framlífi látið af þeim félags kenningum þess efnis að kynin eigi að berjast og konur hafi verið kúgaðar.

Þar sem ég hygg að það sé flóknara en svo, og hef ég verið á framlífs jörðum þar sem ástandið spilltist vegna þeirrar kynja baráttu.

Hef ég hér trúað á Guði sem ég get ekki nefnt nú, en eru ekki fjarri þeim Guðum sem þið þekkið, og ætla ég að nefna mig áður en ég kveð.

Íslensk kona frá sextánda öld, upphafi sextánda aldar, Steinunn.

*Sæl vertu.*

Já komið þið sæl.

Verð ég nú að kveðja ykkur, en þakka ég fyrir mig og verið þið sæl.

*Við þökkum þér fyrir komuna og vertu sæl.*

*Gott að heyra í þér.*

Já.